Dags.	Athugasemd/ ábending frá2	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum	Column1	Column2	Column3
09.04.2024	Hörður Ingólfsson		Afsakið meðan ég æli.	Kallar ekki á viðbrögð			
12.04.2024	Sigurður Arnar Jónsson *Slökkviliið Ísafjarðarbæjar*	**Ekki athugasemd**	Slökkviliið gerir ekki athugasemdir við breytt skipulag í Suðurtanga	Kallar ekki á viðbrögð			
12.04.2024	Bragi Már Bragason *Mila*	**Samráð**	Á svæðinu eru lagnir í eigu Milu. Við óskum eftir að haft verði samráð við okkur þegar til framkvæmda kemur.	Samráð verður haft við veitufyrirtæki við útfærslu deiliskipulags fyrir Suðurtanga			
12.04.2024	Finnbogi Bjarnason *Bolungarvíkur-kaupstaður*	**Ekki athugasemd**	Bolungarvíkurkaupstaður gerir ekki athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi v/suðurtanga	Kallar ekki á viðbrögð			
15.04.2024	Lísabet Guðmundsdóttir *Minjastofnun Íslands*	**Fornleifaskráning**	Svæðið sem um ræðir hefur verið fornleifaskráð: Ragnar Edvardsson & Ruth A. Maher (2002). Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ I., Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands, NV nr. 6-02, Bolungarvík. Ragnar Edvardsson (2019). Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ, vegna verkefnisins „Verndarsvæði í byggð". Bolungarvík. Eldri skráning uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar Íslands en Neðstikaupstaður var skráður á nýjan leik 2019 og uppfyllir sú skráning staðla stofnunarinnar.	Kallar ekki á viðbrögð			
15.04.2024	Lísabet Guðmundsdóttir *Minjastofnun Íslands*	**Neðstikaupstaður**	Samkvæmt fornleifaskráningu er neðarlega á Eyrinni Neðstikaupstaður, þar er nú byggðasafn Ísafjarðar. Húsin eru friðlýst og tilheyra einnig verndarsvæði í byggð. Að auki má gera ráð fyrir fornminjum undir sverði í og við Neðstakaupstað. Neðstikaupstaður er eitt af elstu hverfum Ísafjarðarkaupstaðar og hefur mikið varðveislugildi. Nýbyggingar skulu í öllum tilvikum vera í samræmi við aðliggjandi byggð og götumynd.	Bætt inn í kafla 2.2 að Neðstikaupstaður tilheyri verndarsvæði í byggð og svæðið njóti hverfisverndar. Ákvæði um nýbyggingar bætt inn í töflu 9.2			
15.04.2024	Lísabet Guðmundsdóttir *Minjastofnun Íslands*	**Neðstikaupstaður**	Ef til framkvæmda kemur þarf umsögn frá Minjastöfnun Íslands.	Ákvæði um nýbyggingar bætt inn í töflu 9.2			
15.04.2024	Lísabet Guðmundsdóttir *Minjastofnun Íslands*	**Lög um menningarminjar**	Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands."	Vísað til deiliskipulags fyrir sama svæði, kafli 4.14 í greinargerð			
16.04.2024	Sigurður Friðgeir Friðriksson *Vegagerðin - Vesturvæði*	**Ekki athugasemd**	Vegagerðin hefur yfirfarið tillögu að lýsingu að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í samræmi við hlutverk stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd.	Kallar ekki á viðbrögð			
16.04.2024	Sigurður Friðgeir Friðriksson *Vegagerðin - Vesturvæði*	**Vegalög**	Vegagerðin minnir á Vegalög nr. 80/2007 en þar koma m.a. fram ákvæði um veghelgunarsvæði og tengingar við þjóðvegi. Allar tengingar við þjóðvegi eru háðar samþykki Vegagerðarinnar. skv. Vegalögum er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega.	Kallar ekki á viðbrögð. Skipulagsbreytingin varðar ekki þennan þátt. Vísað er til kafla 12.5 í gildandi aðalskipulagi.			
16.04.2024	Sigurður Friðgeir Friðriksson *Vegagerðin - Vesturvæði*	**Lágsvæði**	Vegagerðin minnir á að stofnunin er umsagnaraðili um aðalskipulag og deiliskipulag á lágsvæðum við sjó þar sem hætta er á sjávarflóðum. Við umsögnina er litið til viðmiðunarreglna Vegagerðarinnar um lágmarks land- og gólfhæðir sem taka mið af jarðskorpuhreyfingum og sjávarstöðuhækkunum sem ákvarðaðar eru hverju sinni miðað við nýjustu upplýsingar.	Vegagerðin er skilgreindur umsagnaraðili skipulagsins og tekið hefur verið mið af umsögn Vegagerðarinnar vegna skipulagslýsingar, sbr. kafli 3.8.			
18.04.2024	Rakel Sylvía Björnsdóttir	**Neðstikaupstaður**	Þætti synd og skömm að svæðið í kringum Neðstakaupstað yrði að iðnaðar-og athafnasvæði. Frekar hafa þetta sem miðsvæði með þjónustu og verslunarplássi og áherslu á sjávarútsýnið og græn svæði. Þar sem ferðamenn munu vera mikið þarna á ferðinni við nýju höfnina, móttökustöðina og Neðsta er hættulegt að troða iðnaði og tækjum upp að þeim þegar við höfum gott pláss til að aðskilja þessa tvo þætti mun betur. Auk þess væri hægt að fá fallegri heildarsýn á bæinn allann með því að hafa Neðstakaupstað sem stjörnu og miðpunkt og byggja byggingar sem passa við hann frekar en að fela hann bakvið iðnað og afmarka hann. Væri til í meiri miðbæjarstemningu með útsýni.	Í töflu 8.6 í kafla 3.1 eru nú þegar sett ákvæði um svæðið næst Neðstakaupstað. Þar er m.a. heimiluð veitingasala og verslanir. Bætt hefur verið við ákvæðum til að bæta ásýnd fyrirhugaðs atvinnusvæðis. Vísað er til deiliskipulags fyrir sama svæði, sem er í vinnslu. Þar eru sett nánari ákvæði um svæðið næst Neðstakaupstað, sbr. kafla 4.7 og töflu 4-2 í greinargerð deiliskipulagsins. Einnig í kafla 4.8.			
18.04.2024	Rakel Sylvía Björnsdóttir	**Ferðamenn og gönguleiðir**	Bendi líka á að -ekkert- stoppar ferðamenn sem vilja fá fallegar myndir og þeir -munu- vera á vergangi á þessum iðnaðarsvæðum, það -verður- að gera ráð fyrir allavega gönguleið meðfram sjónum hringinn í kringum tangann. Þessi áhersla myndi líka létta álagið á íbúum í ferðamannastraum sumarsins sem verða oft fleiri en bæjarbúar, það væri gott að geta dreift þeim betur um bæinn og koma fyrir þjónustunni við þá á betri stað við nýju móttökuna.	Bætt hefur verið við ákvæðum um öryggi farþega skemmtiferðaskipa. Vísað er til deiliskipulags fyrir sama svæði, sem er í vinnslu. Þar er gert ráð fyrir gönguleið meðfram Suðurtanga og áningarstað við enda hans. Ekki er unnt að skilgreina sérstaka gönguleið á gámasvæði eða haftasvæði hafnarinnar.			
18.04.2024	Rakel Sylvía Björnsdóttir	**Ferðamenn og starfsemi**	Eins og er vappa þeir um höfnina inn á milli rútna, bíla, gáma og vinnuvéla, og þetta skipulag kallar á meiri svoleiðis óþarfa hættu fyrir fólk, sérstaklega þau í eldri kantinum. Þetta verður að endurhugsa út frá fólkinu sem kemur til með að nýta svæðið, ekki bara fyrirtæki. Minnka þetta nýja iðnaðar-hafnarvinnusvæði og færa þannig starfsemi frekar að eldri höfninni svo það fólk geti unnið í friði.	Bætt hefur verið við ákvæðum um öryggi farþega skemmtiferðaskipa. Vísað er til deiliskipulags fyrir sama svæði, sem er í vinnslu. Þar er gert ráð fyrir aðgreiningu á móttöku ferðamanna og gönguleiðum þeirra frá annarri starfsemi á svæðinu, m.a. í köflum 4.9 og 4.10 í greinargerð deiliskipulagsins. Samráð var haft við ferðaþjónustuaðila og fyrirtæki á svæðinu.			
18.04.2024	Hlynur Reynisson *Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða*	**Mengun**	Heilbrigðiseftirlit gerir ekki athugasemdir við breytingu þessa en minnir á að víða á Suðurtanga var úrgangur urðaður þegar óbrennanlegt sorp var grafið þar. Ef komið er niður á úrgang þá skv. reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg þurfa hreinsunaraðgerðirnar að ná tilsettum mörkum í reglugerð og að hreinsunaraðgerðir eru starfsleyfisskyldar hjá Heilbrigðiseftirliti skv. 19.tl í viðauka IV í lögum nr. 7/1998.	Vísað til deiliskipulags fyrir sama svæði. Bætt inn í kafla 4.7, undirkafla LÓÐIR OG NÝTINGARHLUTFALL í greinargerð deiliskipulagsins.			